

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2020/EES/37/01		Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir	1
2020/EES/37/02		Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	2
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/37/03		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9676 – Lov Group/Banijay/ESG)	3
2020/EES/37/04		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9757 – Providence/VOO/Brutélé)	4
2020/EES/37/05		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9782 – Experian/Bertelsmann/Informa) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2020/EES/37/06		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9850 – EQT Fund management/Schülke & Mayr) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2020/EES/37/07		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9851 – Naturgy/Sonatrach/BlackRock/Medgaz) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2020/EES/37/08		Upphaf málsmeðferðar (mál M.9489 – Air Canada/Transat)	8

2020/EES/37/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9461 – AbbVie/Allergan)	9
2020/EES/37/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9780 – BNP Paribas/Bank of Baroda/JV)	9
2020/EES/37/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9785 – EFL/DBK/Hama Polska)	10
2020/EES/37/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9793 – Permira/Sneakers Maker)	10

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu

2020/EES/37/01

Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannáþjónustukvaðir

Aðildarríki	Noregur
Flugleiðir	Harstad/Narvik – Bodø (báðar leiðir)
Samningstími	1. janúar 2021 – 31. mars 2022
Frestur til að skila tilboðum	10. ágúst 2020 (dags. til bráðabirgða)
Unnt er að nálgast texta útbodsauglýsingarinnar endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útbodið og hina breyttu almannáþjónustukvæði:	Ministry of Transport Postboks 8010 Dep 0030 OSLO NORGE Sími: +47 22 24 83 53 postmottak@sd.dep.no https://www.regjeringen.no/en/find-document/id2000006/?documenttype=dokumenter/anbud

**Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr.
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar
reglur um flugrekstur í Bandalaginu**

2020/EES/37/02

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Noregur
Flugleiðir	Harstad/Narvik – Bodø (báðar leiðir)
Gildistöku dagur almannaþjónustukvaða	1. janúar 2021
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða breyttar almannaþjónustukvaðir:	Ministry of Transport Postboks 8010 Dep 0030 OSLO NORGE Sími: +47 22 24 83 53 postmottak@sd.dep.no https://www.regjeringen.no/en/find-document/id2000006/ ?documenttype=dokumenter/anbud

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/37/03

(mál M.9676 – Lov Group/Banijay/ESG)

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. maí 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Lov Group Invest („Lov Group“, Frakklandi).
- Banijay Group („Banijay“, Frakklandi); undir yfirráðum Lov Group og DeAgostini.
- Endemol Shine Group („ESG“, Hollandi); undir yfirráðum Apollo Management og The Walt Disney Company.

Lov Group nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Banijay og ESG.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Lov Group: framleiðsla á sjónvarpsefni (í gegnum Banijay) í Evrópu, starfræksla fjárhættuspila á netinu og í lúxushótelgeiranum.
- Banijay: gerð, framleiðsla og dreifing á afþreyingarefni fyrir sjónvarp fyrir rekstraraðila í Evrópu og öðrum löndum um allan heim.
- ESG: framleiðsla og dreifing á sjónvarpsefni og leysisveiting til þriðju aðila, þróun á almennu afþreyingarefni í Evrópu og öðrum löndum um allan heim.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 183, 3.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9676 – Lov Group/Banijay/ESG

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/37/04****(mál M.9757 – Providence/VOO/Brutélé)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. maí 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Providence Equity Partners group („Providence“, Bandaríkjunum) mun koma fram hvað þessi viðskipti varðar í gegnum fyrirtækið OTP Luxco S.à.r.l. („OTP Luxco“, Lúxemborg), sem stýrt er af þremur fjárfestingarsjóðum: 1) Providence Equity Partners VIII L.P (Cayman-eyjum), 2) Providence Equity Partners VIII-A L.P. (Cayman-eyjum), og 3) Providence Equity Partners VIII (Skotlandi) L.P., sem aftur tilheyrir samstæðunni.
- VOO SA („VOO“, Belgíu); undir yfirráðum Nethys SA („Nethys“, Belgíu), sem aftur er sjálft undir yfirráðum opinbers fyrirtækis á vegum nokkurra sveitarfélaga, Enodia SCRL („Enodia“, Belgíu).
- Société Intercommunale pour la Diffusion de la Télévision, Brutélé SCRL („Brutélé“, Belgíu).

Providence nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir VOO og Brutélé.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Providence: fjárfestingarfélag starfandi um allan heim sem sérhæfir sig í fjölmiðlum og samskiptum og mennta-fyrirtækjum, sem og í upplýsingageiranum.
- VOO: kapalkerfisfyrirtæki, sem einkum starfar í Vallóníu, og veitir sjónvarps-, fastlínu- og farsímaþjónustu og netþjónustu í gegnum kapalkerfi sitt, í þágu heimila og fyrirtækja.
- Brutélé: kapalkerfisfyrirtæki sem einkum starfar á Brussel-svæðinu og sunnan við höfuðborgarsvæðið. Annast bæði heimili og viðskiptavinum vegna sjónvarps-, síma- og netaðgangspjónustu í gegnum kapalkerfi sitt, einkum á Brussel-svæðinu og í kringum borgina Charleroi í Hainaut-sýslu (Vallóníu).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 183, 3.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9757 – Providence/VOO/Brutélé

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9782 – Experian/Bertelsmann/Informa)

2020/EES/37/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. maí 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Bertelsmann SE & Co. KGaA („Bertelsmann“, Þýskalandi).
- Experian plc („Experian“, Bretlandi).
- Informa Solutions GmbH („Informa“, Þýskalandi).

Experian og Bertelsmann ná í sameiningu yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Informa.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Experian: upplýsingaþjónustufyrirtæki sem starfar um allan heim og annast hugbúnað og þjónustu fyrir viðskiptavinum sem gerir kleift að stýra lánsáhættu, lágmarka líkur á svikum og sannreyna auðkenni einstaklinga.
- Bertelsmann: fjölmiðla-, þjónustu- og menntafyrirtæki með lögheimili í Þýskalandi sem starfar í yfir 50 löndum, einkum við sjónvarp, tímaritaútgáfu, tónlistarútgáfu og menntastarfsemi.
- Informa: fyrirtæki sem er óbeint dótturfyrirtæki alfarið í eigu Bertelsmann eins og er. Að viðskiptum loknum mun það sameina starfsemi Experian og Bertelsmann að því er varðar þjónustu í tengslum við lánstraust, vernd gegn svikum og auðkennisþjónustu, lánshæfisgögn og þróun matskerfis, sjálfvirkni kröfustýringarferlis og ákvörðunar- og greiningarþjónustu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 183, 3.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9782 – Experian/Bertelsmann/Informa

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9850 – EQT Fund management/Schülke & Mayr)

2020/EES/37/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. maí 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- EQT VIII („EQT“, Lúxemborg), sem lýtur yfirráðum EQT Fund Management S.à r.l.
- Schülke & Mayr GmbH („Schülke“, Þýskalandi).

EQT nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Schülke.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- EQT: fjárfestingasjóður sem einkum leitast við að fjárfesta í Evrópu, með sérstakri áherslu á Norður-Evrópu.
- Schülke: fæst við smitvarnir og hreinlæti. Fyrirtækið þróar, framleiðir og dreifir sóthreinsandi efni vegna sárameðhöndlunar, sýklaeyðandi efni, lyfja- og fegrunarefni til húðmeðhöndlunar og rotvarnarefni.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 183, 3.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9850 – EQT Fund management/Schülke & Mayr

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9851 – Naturgy/Sonatrach/BlackRock/Medgaz)

2020/EES/37/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. maí 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Naturgy Energy Group S.A. („Naturgy“, Spáni).
- Sonatrach S.p.A. („Sonatrach“, Alsír).
- Global Energy & Power Infrastructure Fund III L.P. („GEPIF III“, Bandaríkjunum), sem stýrt er af BlackRock Alternatives Management („BAM“, Bandaríkjunum), sem er hluti af BlackRock Group („BlackRock“, Bandaríkjunum).
- Medgaz S.A. („Medgaz“, Spáni).

Naturgy, Sonatrach og BlackRock ná í sameiningu yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Medgaz.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Naturgy: starfsemi á orkumörkuðum auk gasmarkaða á miðstigi og síðara sölustigi, sem og gasgeymsla, gasdreifing og smásala.
- Sonatrach: olú- og gasfyrirtæki í eigu alsírka ríkisins sem fæst við starfsemi á allri virðiskeðju kolvatnsefna.
- GEPIF III: sjóður sem leggur áherslu á fjárfestingar í grunnvirkjum í orkuvirðiskeðjunni og aflsvirðiskeðjunni. Stýring sjóðsins er í höndum BAM.
- Medgaz: eignarhald og starfræksla gasleiðslunnar milli Alsír og Evrópu sem flytur jarðgas frá Alsír til Spánar.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 183, 3.6.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9851 – Naturgy/Sonatrach/BlackRock/Medgaz

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Upphaf málsmeðferðar
(mál M.9489 – Air Canada/Transat)

2020/EES/37/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. maí 2020 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hinn tilkynnti samruni væri samrýmanlegur innri markaðinum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinum tilkynnta samruna og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hinn fyrirhugaða samruna.

Svo unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum við málsmeðferðina verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 180, 29.5.2020, bls. 1. Þær má senda með símbrefi (faxnr. + 32 22964301), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.9489 – Air Canada/Transat, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9461 – AbbVie/Allergan)

2020/EES/37/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. janúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9461. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9780 – BNP Paribas/Bank of Baroda/JV)

2020/EES/37/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. maí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9780. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9785 – EFL/DBK/Hama Polska)

2020/EES/37/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. maí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9785. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9793 – Permira/Sneakers Maker)

2020/EES/37/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. maí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9793. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.